



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

STARFSLÝSING júní 2019

- Starfsheiti:** Sérfræðingur í skólamálum
- Svið:** Lögfræði- og velferðarsvið
- Næsti yfirmaður:** Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs
- Markmið:** Að mæta þörfum og væntingum sveitarfélaga á sviði skólamála, með áherslu á málefni leikskóla, vera tengiliður við samstarfsaðila á sviði skólamála, gæta hagsmuna sveitarfélaga út á við, fylgjast með þróun og stefnum í skólamálum og vera til ráðgjafar fyrir starfsmenn sambandsins og sveitarfélaga og fræðslu málanefnd sambandsins.
- Ábyrgðarsvið:** Sérfræðingur ber ábyrgð gagnvart sviðsstjóra á þeim verkefnum sem honum eru falin samkvæmt starfslýsingu þessari og öðrum þeim málum sem honum eru falin hverju sinni.
- Verkþættir - Helstu verkefni:** Framfylgd stefnumörkunar og starfsáætlunar sambandsins á sviði skólamála, í samstarfi við skólamálafulltrúa og skólateymi.
- Þátttaka í stefnumótun og aðkoma að verkefnum sem sambandið á aðild að til að bæta árangur og gæði skólastarfs. Með skólastarfi er átt við málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, svo og önnur skóla- og fræðslumál sem snerta sveitarfélög, að undanskildum kjaramálum starfsmanna skóla og leiðbeiningum um framkvæmd kjarasamninga, sem falla undir kjarasvið.
- Fylgjast með því sem er að gerast í skólamálum, innanlands sem utan t.d. með því að sækja ráðstefnur og málstofur, lesa greinar og fylgjast með fréttum.
- Miðla upplýsingum um skólamál til sveitarfélaga/skólaskrifstofa.
- Tengiliður við fulltrúa sambandsins í nefndum og starfshópum sem sambandið á aðild að og miðlun upplýsinga til skólateymis og fræðslumálanefndar um framvindu nefndastarfa.
- Þátttaka í undirbúningi skólaþings og morgunverðafunda um skólamál ásamt öðrum viðburðum sem sambandið stendur fyrir eða á aðild að um skólamál.
- Þátttaka í undirbúningi og framkvæmd námskeiða sem sambandið stendur fyrir um skólamál.
- Þátttaka í nefndastarfi, fundum og verkefnum með samstarfsstofnunum eftir því sem þörf krefur.

Undirbúa árlega úthlutun framlaga úr Námsgagnasjóði og vinna með stjórn sjóðsins og starfsmanni að framkvæmd verkefna hans. Tengiliður við grunnskóla.

Undirbúa árlegar úthlutanir úr Námsleyfasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla og vinna með stjórn sjóðsins að framkvæmd verkefna hans. Tengiliður við umsækjendur.

Pátttaka í fundum skólateymis sambandsins.

Pátttaka í fundum fræðslumálanefndar.

Seta í samráðsnefnd leik- og grunnskóla.

Seta í faghópum um heilsueflandi leik- og grunnskóla.

Seta í faghópi um Forvarnardaginn.

Seta í undirbúningshópi vegna Dags leikskólans og Orðsporsins.

Seta í stjórn Vonarsjóðs.

**Helstu
samstarfsaðilar:**

Skólateymi, sjóðstjórnir og starfsmenn á rekstrar- og útgáfusviði sem koma að umsýslu sjóða, fulltrúar sambandsins í nefndum og starfshópum, menntamálaráðuneyti, Kennarasambandið og aðrir samstarfsaðilar og stofnanir.